

Fylgiskjal II.**Listi yfir hjálpartæki.****Borðmagnari****FM tæki****Talmagnari****Heyrnarmagnari**

Búnaður til notkunar á fundum.

Sérstök tæki, sem gegna sama hlutverki og tónmöskvar en til notkunar á fyrirlestrum í skólastofum.

Tæki til að magna upp veika rödd.

Tæki til að magna upp hljóð.

REGLUGERÐ**um (4.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. tölul. 2. mgr. 8. gr.:

Á eftir orðunum „Sjúkra- eða lyfjakostnaður“ komi orðin „og heyrnartæki“.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. mgr. 9. gr.:

Á eftir orðunum „sjúkra- eða lyfjakostnað“ komi orðin „eða kostnað vegna kaupa á heyrnartæki“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. apríl 2003.***Jón Kristjánsson.***Davíð Á. Gunnarsson.*